



Flúðum, 3. apríl 2023.

**Efni: Umsögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um tillögur að breytingum á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps gerir alvarlegar athugasemdir við þau áhrif sem kynntar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga myndu hafa á fjárhag sveitarfélagsins en ef breytingar þessar yrðu að veruleika myndi Hrunamannahreppur missa tæplega 43. milljón króna framlag frá Jöfnunarsjóði. Slíkt myndi hafa alvarleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins og valda miklum skaða á þeirri þjónustu sem mikilvægt er að hafa sem besta.

Innviðaráðuneytið hefur birt drög að frumvarpi til laga um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, mál nr. 64/2023. Í skýrslu starfshópsins sem vann að endurskoðun regluverksins kemur fram að markmiðið með endurskoðuninni sé að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og að Jöfnunarsjóður fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Er þessi endurskoðun ekki síst til komin vegna áherslna stjórnvalda að undanförmu sem hafa lotið að eflingu sveitarstjórnarstigsins, aukinni sjálfbærni sveitarfélaga og að þjónusta við íbúa með sameiningu sveitarfélaga verði enn betri en nú er.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps gerir alvarlegar athugasemdir við þær tillögur að endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem frumvarpsdrögin fela í sér og þann mikla tekjumissi sem Hrunamannahreppur mun verða fyrir verði þessi breyting á regluverkinu að veruleika.

Miðað við núgildandi reglur myndi Hrunamannahreppur fá kr. 142.932.318,- í framlag frá Jöfnunarsjóði.

Nýjar forsendur gefa Hrunamönnum aftur á móti framlag sem nemur kr. 100.212.593,-.

**Skerðing Hrunamannahrepps við breytinguna nemur því kr. 42.719.726,-.**

Við breytinguna munar mestu um fasteignaskattsframlagið sem nú er með öllu fellt út úr reiknireglu Jöfnunarsjóðs. Í staðinn virðist þeim sveitarfélögum þar sem tekjur eru nokkrar af sumarbústöðum vera hegnt fyrir tilvist þeirra með umtalsvert minni framlögum úr Jöfnunarsjóði án þess að tillit sé tekið til þess kostnaðar sem ávallt fellur til við þjónustu við frístundabyggð.



Má þar til dæmis nefna aukinn kostnað við vatnsöflun, þjónustu við rotþrær og fráveitu sem og við brunavarnir, almannavarnir og skipulags- og byggingamál.

Það er mikilvægt að halda því til haga að tekjur af frístundabyggð eru ekki hreinar tekjur í vasann heldur þurfa þær að standa undir viðamiklum innviðum og þjónustu sem nauðsynleg er.

Mikilvægt er að minna á að tilgangur fasteignaskattsframlagsins hefur verið að jafna tekjutap sveitarfélaga á landsbyggðinni þar sem matsvirði fasteigna er alls staðar lægra en til dæmis er reyndin á höfuðborgarsvæðinu. Ef framlagið er fellt niður er fyrirséð að umrædd tillaga muni hafa talsverð áhrif á úthlutanir til margra sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Rætt er um að með endurskoðuninni sé verið að stuðla að fjárhagslegum hvötum til sameiningar en því miður virðist sem svo sé ekki raunin varðandi sveitarfélög í uppsveitum Árnassýslu en umræða varðandi sameiningu þessara sveitarfélaga hefur ítrekað komið upp. Hvað þetta varðar er vísað í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar um sameiningarhvata en miðað við núverandi reglur Jöfnunarsjóðs fá sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnassýslu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur framlög upp á 335 milljónir króna við sameiningu, en sameinuð í nýju regluverki Jöfnunarsjóðs myndi framlagið minnka um 100% og verða 0 krónur. Má þar áætla að það sé vegna útreikninga Jöfnunarsjóðsins vegna Grímsnes- og Grafningshrepps og má út frá því einnig áætla að það sé ekki sameiningarhvat hjá nágrennasveitarfélögum til að sameinast slíku sveitarfélagi. Það er vont til þess að hugsa að breytt regluverk Jöfnunarsjóðs verði til þess að koma í veg fyrir sameiningar sveitarfélaga sem áður voru taldar nokkuð álitlegar.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps vill minna á mikilvægi þess að haldið sé í heiðri raunverulegu hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en það er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Tilgangurinn er að sveitarfélögin standi á jafnari grunni, að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta auk fjárhagslegs styrks, til að sinna sínum lögbundnum verkefnum.

Að lokum vill sveitarstjórn koma því að að margt í þeim breytingum sem hér eru lagðar fram er til bóta en annað ekki eins og hér hefur verið rakið. Ávallt verður að muna að sjóðnum er ekki ætlað að færa þeim sveitarfélögum meiri tekjur sem þegar hafa nóg heldur jafna á milli svæða og því þykir okkur Hrunamönnum þessi breyting skjóta skökku við.



Við ákvörðun um sérstakt „höfuðstaðaframlag“ til stærstu sveitarfélaga á landinu er nauðsynlegt að horft sé til heildarmöguleika viðkomandi sveitarfélaga til að afla sér tekna og ekki síður þeirrar staðreyndar að svo til öll opinber þjónusta hefur safnast á sárafáa staði hér á landi og mest megnis í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Hér hefur landsbyggðin svo langt í frá setið við sama borð þar sem velflest hinna 64 sveitarfélaga landsins hafa litlar sem engar tekjur til dæmis af fasteignagjöldum opinberra bygginga, tekjur af útsvari viðkomandi starfsmanna eða afleiddar tekjur sem af starfsemi hlýst. Önnur sveitarfélög vítt og breitt um landið tækju slíkri starfsemi fagnandi og myndi fjölbreytt staðsetning ríkisstofnana ein og sér verða ein besta aðferðin til tekjujöfnunar og jöfnunar á búsetu sem möguleg væri.

Hér hefur heldur ekki verið tekið tillit til annarra þátta eins og til dæmis möguleikum á að afla sé sértekna eins og gert er víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu með innheimtu sérstaks innviðagjalds sem hefur verið drjúgur tekjustofn á því svæði til margra ára. Sveitarfélög á landsbyggðinni hafa engan veginn möguleika á slíku og víða duga til dæmis gatnagerðargjöld sjaldnast fyrir kostnaði við nýlagningu gatna svo eitt örfárna dæma um misskiptinguna í þessu landi sé tilgreint.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps er fús til samtals um þau atriði sem hér hafa verið talin upp og væntir góðrar samvinnu og skilnings á mikilvægum sjónarmiðum sveitarfélagsins við alla vinnslu málsins.

Virðingarfyllst,

  
 Sveitarstjórnin í  
Hrunamannahreppi  
Aldís Halsteinsdóttir